



## **202. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 20. feb. 2019 kl. 09:30.**

Mætt: Elín Einarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Pia Rita Simone Schmauder (fulltrúi foreldra), Sigursveinn Már Sigurðsson, Sólmundur Sigurðarson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur formaður skólanefndar setti fundinn.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð 201 fundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

#### **2. Fjárhagsstaða skólans – SMS**

Skólameistari fór yfir fjárhagsstöðu skólans og kemur í ljós að skólinn stendur vel eftir árið 2018 og hefur verið rekstrarafgangur. Sigursveinn sagði frá helstu atriðum sem tengdust fjármálunum og hvar hafði orðið breyting frá áætlun fyrir árið 2018. Meðal annars kom fram að afnot sveitarfélagsins Árborgar af Iðu hafi skilað auknum tekjum til skólans. Umræður urðu um hvernig hægt væri að nýta fjármagnið til þess að styðja enn frekar við nemendur og þá sérstaklega þá sem standa höllum fæti. Skólameistari sagði frá því að skert hefði verið framlag til starfsbrautar upp á 27 milljónir. Almennar horfur vegna ársins 2019 eru ágætar.

#### **3. Fréttir af skólastarfinu – SMS**

Sigursveinn sagði frá því helsta sem tengdist brautskráningu haustannar og hver var dúx skólans. Hann gerði grein fyrir starfsmannabreytingum á önninni og sagði frá nemendafjölda við upphaf annarinnar og að því miður hefðu ekki allir skilað sér í skólann. Auk þessa sagði hann frá hópnum sem stefndi á brautskráningu í vor þ.e. að það væri frekar stór hópur og efnilegur. Á næstu dögum verða Kátir dagar og Flóafár (20. – 22. feb.) og síðan er stefnt að opnu húsi í skólanum 5. mars. Starfamessa er framundan 10. apríl en þar eru kynningar á ýmsum störfum sem í boði eru á svæði skólans. Alltaf er nokkuð um heimsóknir í skólann og er núna til dæmis von á hópum frá Eistlandi og Ungverjalandi. Unnið er að námskrármálum og hefur starfsmaður í hlutastarfi verið að sinna þeim málum. Rætt um styttingu náms til stúdentsprófs og áhrif á starfsemi skólans.

#### **4. Félagslíf nemenda - Sólmundur**

Sólmundur sagði frá því helsta sem hefur verið í gangi í skólanum. Hann sagði frá miðvikudagshléum, dansleikjum og samvinnu við Pakkhúsið á Selfossi. Fleiri nemendur taka þátt í félagslífinu í dag heldur en tóku þátt á síðustu önn. Áhugi virðist vera að aukast á félagslífinu almennt.



## 5. Önnur mál

- a. **Úrgangsmál** – Jón G Valgeirsson minnti á að leggja áherslu á að flokka úrgang og vinna að þeim málum. Fundarmenn tóku allir undir með Jóni.
- b. **Heimavistarmál** – Jón G Valgeirsson greindi frá að hópur væri starfandi hjá SASS sem tengdist heimavistarmálum. Fram kom á fundinum að skólanefndarmenn hafa áhyggjur af heimavistarmálunum og stefna að því að setja sig í samband við hópinn hjá SASS.

Næsti fundur er fyrirhugaður 24. apríl kl. 09:30

Fundi slitið kl. 10:50  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson